

Fundargerð 256. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 7. desember 2021
Fundartími: 9:00 – 11:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta við dagskrána lið nr. 15 f) fundargerð aðalfundar Afréttarmálaráðs Flóa- og Skeiða frá 26.08.2021. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 227, dags. 10.11.2021

a) Sviðugarðar land L210074; Deiliskipulag – 2105076

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags í landi Sviðugarða land L210074 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit innan landsins þar sem gert er ráð fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd mælist til þess að staðfang landsins verði tekið til endurskoðunar í takt við reglugerð um skráningu staðfanga.

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi – 2105076, í landi Sviðugarða land L210074 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið skilgreinir byggingarreit innan landsins fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu. Brugðist hefur verið við innkomnum athugasemdum og umsögnum sem einnig eru lagðar hér fram. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tekið er undir ábendingu skipulagsnefndar hér að ofan um skráningu staðfangs.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

b) Lækjarholt 1 L231163 og 2 L231164; Deiliskipulag – 2106068

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 í Flóahreppi eftir kynningu. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1-2 tveimur hæðum auk gestahúsa og skemma. Lækjarholt 1 er um 9 ha að stærð og Lækjarholt 2 um 2 ha. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir því að Lækjarholt 2 verði óbreytt en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 - 3,60 ha að stærð. Umsagnir bárust á kynningartíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags Flóahrepps. Nefnin mælist til þess að brugðist verði við umsögn Minjastofnunar með lagfæringu á framlögðum gögnum. Nefndin mælist jafnframt til þess að skilgreindir verði skilmálar er varðar lágmarkshæðir bygginga m.t.t. flóðahættu á svæðinu.

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 eftir kynningu. Gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á einni til tveimur hæðum auk gestahúsa og skemma. Lækjarholt 1 er 9 ha að stærð og Lækjarholt 2 um 2 ha. Gert er ráð fyrir að Lækjarholt 2 verði óbreytt áfram en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 – 3,60 ha að stærð. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu en mælist til þess að brugðist verði við umsögn Minjastofnunar og að skilgreindir verði skilmálar um lágmarkshæðir bygginga með tilliti til flóðahættu. Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010

Samþykkt með 4 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 152 – 2110007F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember 2021

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 228 dags. 24.11.2021

a) Hnaus lóð L178933; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2111021

Lögð er fram umsókn frá Önnu Aleksöndru Leszczynska er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Í umsókninni felst beiðni um að lóðin Hnaus lóð L178933 verði skilgreind sem íbúðar- eða landbúnaðarlóð í stað frístundalóðar.

Umrædd lóð er hluti af stærra frístundasvæði ásamt þremur öðrum landeignum. Skipulagsnefnd UTU telur ekki forsvaranlegt að breyta landnotkun stakrar lóðar innan frístundasvæðis. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að skoða landnotkunarbreytingar innan svæðisins í heild. Afgreiðslu málsins frestað.

Lögð er fram umsókn um breytingu á aðalskipulagi sem varðar frístundalóð í landi Hnauss L 178933. Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur afstaða annarra lóðaeigenda á svæðinu til umræddrar breytingar á aðalskipulagi svæðisins í heild.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

b) Hamar land 2, 212450; Deiliskipulag – 2106069

Sigurður Ingi Sigurðsson mætti til fundarins.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar land Hamars 2 L212450 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan land Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið-/vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha. Tillagan var auglýst frá 6. október - 19. nóvember. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram eftir auglýsingu, tillaga að deiliskipulagi í landi Hamars 2 L212450 eftir auglýsingu. Einnig eru lagðar fram innsendar umsagnir á auglýsingatíma. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir tvær véla/reiðskemmur allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm, auk þess núverandi aðstöðuhúsi. Heildarstærð lands er um 110 ha. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt skipulag og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-151 – 2111002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. nóvember 2021.

3. Samþykkt fyrir umhverfis og tæknisvið Uppsveita – síðari umræða

Lagðar fram til síðari umræðu „Samþykktir fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. ásamt fylgiskjölum, Viðauka 1 varðandi byggingarmál og viðauka 2 varðandi skipulagsmál. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samþykktir ásamt viðauka 1 um byggingarmál og viðauka 2 um skipulagsmál með 5 atkvæðum.

4. Erindi til aðildarsveitarfélaga að Bergrisa bs. – húsnæðissjálfsveigarstofnun

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Bergrisa bs., samstarfsverkefni sveitarfélaganna 15 á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða. Erindið er sent á öll aðildarsveitarfélögin og felur í sér tillögu um stofnun húsnæðissjálfsveigarstofnunar (hses) um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Sjálfsveigarstofnunin mun eiga og annast rekstur íbúðakjarnans, þ.e. húsnæðisins. Heildarupphæð stofnfjár er 1.000.000 kr og er hlutur Flóahrepps 27.987 kr. Uppbygging húsnæðiskjarnans er fjármögnuð með 18 % framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs, 12 % með framlagi frá aðildarsveitarfélögum, auk 4 % viðbótarframlags frá HMS og JS. Sjálfsveigarstofnunin mun fjármagna 66 % byggingarkostnaðar með lántöku og er leigugreiðslum notenda og Bergrisa ætlað að standa undir greiðslu á afborgunum og rekstri húsnæðis. Leigjendur íbúða greiða leigu af einkarými og sameiginlegu rými en Bergrisi greiðir leigugjald vegna stoðrymis.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.

5. Loftslagsstefna sveitarfélaga – samstarf um stefnumótunavinnu

Lagt fram erindi frá Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra Hrunamannahrepps þar sem er gerð tillaga um að sveitarfélögin í Uppsveitum ásamt Flóahreppi vinni sameiginlega að loftslagsstefnu fyrir sveitarfélögin.

Flóahreppur samþykkir erindið en óskar eftir samráði við Ingunni Jónsdóttur formann umhverfisnefndar Flóahrepps vegna tilnefningar í samstarfshóp um verkefnið verði það samþykkt hjá aðildarsveitarfélögum að fara í þetta samstarf.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Breytt skipulag barnaverndarmála – umfjöllun og boð á kynningu

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir því að sveitarfélög taki til umræðu tilkomu nýrra laga um breytta skipan barnaverndarmála og undirbúning að gildistöku þeirra. Sveitarstjórnarmenn og stjórnarmenn í landshlutasamtökum eru hvattir til þess að fylgjast með kynningu á vegum Félagsmálaráðuneytis og Sambandsins sem verður haldin 13. desember n.k. Sveitarstjórn Flóahrepps vísar umræðu um undirbúning verkefnisins til stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og framkvæmdastjóra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Sameiginleg vatnsveita með Uppsveitum - niðurstaða kostnaðargreiningar og afstaða sveitarstjórnar Flóahrepps til þátttöku í verkefninu

Lagt fram minnisblað fundar með Verkís og fulltrúum Uppsveita og Flóa þar sem fram kemur kostnaðaráætlun vegna mögulegrar sameiginlegrar vatnsveitu úr Fljótsbotnum í Haukadál. Áætlaður kostnaður fyrir Flóahrepp af fyrirhugaðri framkvæmd með þátttöku í stofnæð að Bitru er samkvæmt þessum gögnum er 465 milljónir kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að taka þátt í verkefninu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá hestamannafélaginu „Sleipni“ – styrkbeiðni vegna félagshesthúss

Lagt fram erindi frá stjórn Sleipnis þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna „Félagshúss Sleipnis“ sem hefur það hlutverk að tryggja börnum sem ekki eiga hesta aðgang að hesti og reiðtygjum til afnota allt árið. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir frekari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess. Afgreiðslu frestað þar til þær upplýsingar liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá „Stígamótum“ – styrkbeiðni vegna starfsemi 2022

Lagt fram erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi frá sveitarfélaginu til starfseminnar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styrkja verkefnið um 50.000 kr. vegna ársins 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum

10. Erindi frá“Sjóðnum góða“, samstarfsverkefni félagsamtaka í Árnessýslu – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá Sjóðnum góða, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi frá sveitarfélaginu til starfseminnar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Álagningarhlutföll og gjaldskrár fyrir árið 2022 – síðari umræða

a) Útvarsprósenta Flóahrepps 2022

Lögð fram tillaga um að útvarsprósenta Flóahrepps verði 14,52 % fyrir árið 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Álagningarhlutföll fasteignaskatts

Lögð fram tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2022:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c-flokkur 1,5 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Vatnsgjald

Lögð fram eftirfarandi tillaga varðandi innheimtu á vatnsgjaldi fyrir Vatnsveitu Flóahrepps fyrir árið 2022:

Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að lágmarksálagning á íbúðarhús verði 22.385 kr og hámarksálagning 44.092 kr.

Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 37.308 kr.

Lágmarksgjald íbúðarhúsa kr. 22.385 verði viðmið álagningar á vatnstæki í beitahólfum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Gjaldskrá sorphirðu og seyrulosun

Lögð fram tillaga um eftirfarandi gjaldskrá fyrir sorphirðu og seyrulosun fyrir árið 2022.

Gjaldskráin gerir ráð fyrir 15% hækkun frá fyrra ári.

240 lítra tunna 19.901 kr.

660 lítra kar 58.663 kr.

1100 lítra kar 97.640 kr.

Sorpeyðingargjald

Íbúðir 20.323 kr.

Sumarhús 20.323 kr.

Atvinnurekstur iðnaðarhverfi 44.342 kr.

Atvinnurekstur lögbýli 24.688 kr.

Seyrulosun

Fyrir tæmingu þriðja hvert ár

Íbúðarhús/sumarhús 10.711 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum

e) Gjaldskrá Félagsheimila í Flóahreppi

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir árið 2022 sem byggir á að hækka gjaldskrá ársins 2021 um 4,4 %

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Gjaldskrá vegna hundahalds

Lögð fram gjaldskrá vegna hundahalds í Flóahreppi sem gerir ráð fyrir að skráningargjald verði kr. 4.000 fyrir nýskráningu og 28.000 kr fyrir handsömun, vörslu og auglýsingu á lausum hundi. Til viðbótar er daggjald kr. 3.000 fyrir hvern dag sem hundur er í vörslu á vegum Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða gjaldskrá með 5 atkvæðum.

12. Fjárhagsáætlun Flóaljóss fyrir árið 2022

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Flóaljós fyrir árið 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2022 – 2025 – síðari umræða

Lögð fram til síðari umræðu, fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árin 2022 – 2025.

Áætlun fyrir A og B hluta fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús. kr.:

- Heildartekjur: 864.233
- Rekstrargjöld án fjármagnsliða: 835.761
- Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): (4.134)
- Rekstarniðurstaða fyrir A hluta: 19.255
- Rekstarniðurstaða fyrir A og B hluta: 24.338
- Veltufé frá rekstri: 6,8 %
- Netto fjárfesting ársins: (66.157)
- Hækkun (lækkun) á handbæru fé (14.705)

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fjárhagsáætlun Flóahrepps 2022 – 2025 við síðari umræðu, með 5 atkvæðum.

14. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 255, dags. 07.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 131, dags. 16.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 08.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 29.11.2021
Varðandi lið nr. 1:
Sveitarstjórn þakkar ábendinguna en bendir á að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands sem Flóahreppur er aðili að og er í forsvari fyrir málflokkinn í heild sinni fyrir Suðurland, hefur keypt út mikið af ráðgjöf og hefur vinna ráðgjafa m.a. snúist um upplýsingasöfnun og úrvinnslu ganga vegna sorphirðu og endurvinnslu. Mögulega er því til mikið af gögnum nú þegar. Stefnt að því að fá kynningu frá Elísabetu hjá „Zero Waste“ eftir áramótin.
Varðandi lið nr. 2:
Send hefur verið fyrirspurn á forsvarsaðila hjá Íslenska Gámafélaginu sem sér um söfnun á endurvinnsluefni og sorpi frá Flóahreppi. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram í svörum frá Íslenska gámafélaginu er farið með rúlluplastið í endurvinnslu til „Pure North“ í Hveragerði.
- e) Stýrihóps um heilsueflandi samfélag nr. 3, dags. 18.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða frá 26.08.2021
Lögð fram fundargerð aðalfundar afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða frá 26. ágúst 2021. Í fundargerðinni er gerð tillaga að fjallskilagjöldum fyrir árið 2021. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða fundargerð með 5 atkvæðum.
- g) Stjórnar seyruverkefni dags. 27.10.2021 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða fjárhagsáætlun og gjaldskrá. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- h) Aðalfundar byggðasamlags UTU dags. 10.11.2021
Meðfylgjandi fundargerð er fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2022. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða áætlun með 5 atkvæðum. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- i) Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 23, dags. 25.10.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Aðalfundar Bergrisans bs. dags. 24.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- k) Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. dags. 29.10.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- l) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 3. dags. 04.10.202
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 4. dags.01.11.202
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) Stjórnar SASS nr. 575, dags. 05.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) Aðalfundar SASS dags. 28. og 29. október. 2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 903, dags. 26.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Efni til kynningar:

- a) Endurheimt votlendis – spurningar og svör
- b) Sigurhæðir þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi
- c) Upplýsingar um trúnaðarmann FOSS hjá Flóahrepp
- d) Frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu – minningardagur þeirra sem látist hafa í umferðinni
- e) Frá Menntamálastofnun – Upplýsingar um breytingar á skólaumhverfi sveitarfélaga, tilkynningarskylda vegna stofnunar nýrra leikskóla
- f) Fundarboð vegna fræðslu- og umræðufundar um ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla.
- g) Minnisblað um endurskoðaða þjóðhagsspá

16. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn 11. janúar 2022.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydis P. Indriðadóttir (sign)